



ÖLFUS

Starfsmaður óskast á heimili fyrir fatlaða

Sveitarfélagið Ölfus leitar eftir starfsmanni í vaktavinnu á heimili fatlaðs fólks í Þorlákshöfn.
Skemmtilegt og lærdómsríkt starf á heimili þar sem bæði andlega og líkamlega fatlaðir einstaklingar búa.

Í starfinu felst að íbúum er veittur persónulegur stuðningur í daglegu lífi.
Leitað er að starfsfólki sem hefur áhuga á að starfa með fötluðum.
Áhersla er á að borin sé virðing fyrir íbúum, heimilisbrag sé viðhaldið og auk þess að stunduð sé útivist með íbúum.

Um 87% starf í vaktavinnu er að ræða og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst.
Laun eru skv. Kjarasamningi FOSS og launanefndar.

Leitað er eftir starfsmanni með einhverja menntun svo sem stuðningsfulltrúanám eða félagsliðanám og/eða reynslu af starfi með fötluðum.
Starfsmaður þarf að vera jákvæður og áhugasamur, vera sjálfstæður og viðhafa skipulögð vinnubrögð.
Færni í mannlegum samskiptum.
Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.

Umsækjendur sem munu koma til greina við ráðningu munu þurfa að skila sakavottorði sbr. lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 43. gr.

Allar nánari upplýsingar veitir forstöðumaður
Unnur Fríða Halldórsdóttir í síma 483-3844
eða ufrida@olfus.is

Umsóknum skal skila rafrænt á heimasíðu Ölfuss www.olfus.is
Skila þarf umsóknum fyrir 28. september nk.
Eldri umsóknir þarf að endurnýja.